

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 3/2023

Fundarstaður: Furuhlíð 2, Skaftahlíð og á Teams

Fundartími: 15. febrúar 2023, kl. 14:05

Viðstaddir: Helga Eyjólfsdóttir, Björn Guðbjörnsson, Guðríður Kristín Þórðardóttir, Guðrún I. Gylfadóttir (varamaður AJ), Pétur S. Gunnarsson, Eva Ágústsdóttir, Rannveig Einarsdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Arnþrúður Jónsdóttir, Sif Ormarsdóttir og Örvar Gunnarsson

Gestur: Agnes Smáradóttir

1) Fundargerð nr. 2/2023

Fundargerðin samþykkt

AS mætir til fundar kl. 14:05

2) Kynning á tillögum L-lyfjahóps

Einstaklingsbundin greiðsluþátttaka

Ekki gerðar athugasemdir við tillögur L-lyfjahóps og þær teljast því samþykktar

3) Sjúkratilfelli

Umfjöllun ekki birt.

AS vikur af fundi kl. 14:20

4) Umsagnir um leyfisskyldu

Lyfjastofnun hefur óskað eftir umsögn um leyfisskyldu í eftirtöldum lyfjum:

Maribavir (Livtency) – nýtt lyf - *mælt er með því að leyfisskylda verði samþykkt*

Sacituzumab govitecan (Trodelvy) – nýtt lyf - *mælt er með því að leyfisskylda verði samþykkt*

Vosorotide (Voxzogo) – nýtt lyf - *mælt er með því að leyfisskylda verði samþykkt*

Lyfjanefnd mun óska eftir leyfisskyldu fyrir eftirfarandi lyf:

Temsirolimus (Torisel) – nýtt lyf

Odevixibat (Bylvay) – nýtt lyf

5) Meðferðarleiðbeiningar

Baracitinib (Olumiant) – ný ábending – blettaskalli

Meðferðarleiðbeiningar lagðar fram. Ábendingin hefur verið skráð hjá EMA en er ekki komin með greiðsluþátttöku. Hins vegar hafa verið heimilaðar meðferðir með Xeljanz fyrir nokkra einstaklinga nú þegar og því ákveðið var að útbúa leiðbeiningar um notkun JAK hemla við blettaskalla til að setja ramma utan um notkunina, skilyrði fyrir meðferð og árangursviðmið við framhaldsmeðferð.

Viðmið fyrir síðari framhaldsmeðferðir og viðvarandi árangur verða settar inn.

Leiðbeiningar teljast því samþykktar með fyrirvara um að viðbætur sem rætt hefur verið um verði settar inn

6) Uppgjör fjárlagaliðar leyfisskyldra lyfja 2022 og útkomuspá fyrir 2023

GIG segir frá lokastöðu fjárlagaliðar leyfisskyldra lyfja fyrir síðasta ár og uppfærða spá fyrir þetta ár.

Á árinu 2022 var kostnaður 135 milljónum umfram fjárheimildir sem var þó nokkuð minna en áætlanir höfðu gert ráð fyrir.

Mikill árangur hefur náðst í að lækka kostnað með stýringu og innleiðingu biosimilar-lyfja. Á móti kemur aukin notkun, verðhækkun á immunoglobulini og ný dýr lyf.

Miðað við fjárlög 2023 er nú gert ráð fyrir að svigrúm vegna einstaklingsbundinnar greiðsluþátttöku og innleiðingar nýrra lyfja/ábendinga sé um 220 milljónir. Staðan er því nokkuð þröng.

7) Önnur mál

a) Aðild að samningskaupum nágrannaríkis

HE segir frá því að hafin sé vinna við það í heilbrigðisráðuneytinu að semja um aðild að samningum einhvers Norðurlandanna um lyfjaverð. Verið er að móta útfærsluna og svo mun ráðuneytið leita liðsinnis utanríkisráðuneytisins en það verður að leiða viðræður við erlend ríki.

Fundi slitið kl. 15:15